



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 4. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Fimmtudag. 01.09.09 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður
Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður
- Boðuð forföll:**
- Fjarverandi:** Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK)
- Fundarritari:** RP

Helstu mál: Dagskrá, KDK, tækninefnd

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 3. fundar 2009-2010 samþykkt samhljóma.

2. Dagskrá

PI sagði frá því að byrjað sé að uppfæra dagatalið á google og mót séu farin að detta inn á heimasíðuna.

KDK sendi inn beiðni um að fá að bæta við karla liði og var sú beiðni samþykkt þar sem annars hefði verið um yfirsetu að ræða. PI mun biðja KDK að koma öllum upplýsingum um liðið til KLÍ fyrir helgi.

3. KDK.

Umræða var um KDK varðandi lausa enda við skiptingu úr KFK í KDK.

Ekki þarf að borga félagaskipti fyrir leikmenn sem skipta úr KFK í KDK ef leikmaður heldur áfram með sama liði. Undantekning er þó með Keiluvini þar sem um nýskráningu á liði er að ræða.

4. Skráningagjöld

Skráningagjöld verða óbreytt. 12.000 fyrir lið og 2.500 fyrir leikmenn. Í þessu sambandi munu allir leikmenn KFK færast yfir í KDK.

5. Tækninefnd.

GS sagði að hann væri að skoða með mönnun í tækninefnd. Hann og Jón Helgi Bragason væru tilbúnir og hann væri að vinna í að finna þriðja mann en ekki væri búið að ganga frá því.

5. Önnur mál.

Umræða var um tölvukerfi KLÍ, hvort hentugt gæti verið að taka upp tölvukerfi sem notuð væru erlendis og hvort það myndi einfalda málin.

Utandeild – Upp komu áhyggjur af því að ekki væri búið að auglýsa utandeildina fyrir veturinn eða panta brautir hjá Keiluhöllinni. PI mun senda fyrirspurn til KDK varðandi auglýsingu.

Næsti fundur verður haldinn 17.9.2009

